RÍKISSPÍTALARNIR
lausar stöður

KLEPPSSPÍTALINN:

YFIRLÆKNIR. Staða yfirlæknis við Kleppsspitalann er laus til umsóknar. Umsóknir er greini aldur, námsferil og fyrri störf ber að senda stjórnarnefnd ríkisspítalanna, Eiríksgötu 5. Staðan var auglýst um miðjan ágúst, umsóknarfrestur framlengist til 1. nóvember n.k.

DEILDARHJÚKRUNARKONA óskast frá 1. október. Nánari upplýsingar veitir forstöðukona spítalans, sími 38160.

KRISTNESHÆLIÐ:

FORSTÖÐUKONA óskast til starfa frá 1. desember n.k. Umsóknarfrestur til 30. september. Umsóknir sendist yfirlækni Kristneshælis, sem veitir nánari upplýsingar, sími 96-22301.

VÍFILSSTAÐASPÍTALI:

HJÚKRUNARKONA óskast til starfa við rannsóknir og meðferð á ofnæmissjúklingum við lungnadeild spítalans. Í byrjun er reiknað með 6 mánaða námsdvöl við ofnæmisdeild Sahlgrenska Sjukhuset í Gautaborg. Umsóknir með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf óskast sendar Skrifstofu ríkisspítalanna, Eiríksgötu 5, fyrir 21. september n.k.

SKRIFSTOFA RÍKISSPÍTALANNA:

BÓKARI óskast til starfa í sjúklingabókhaldi. Umsóknir með upplýsingum um aldur, nám og fyrri störf sendist Skrifstofu ríkisspítalanna, Eiríksgötu 5 fyrir 24. september n.k.

LANDSPÍTALINN:

YFIRLÆKNIR. Staða yfirlæknis í röntgengreiningu er laus til umsóknar á röntgendeild. Umsóknir er greini aldur, námsferil og fyrri störf sendist til stjórnarnefndar ríkisspítalanna, Eiríksgötu 5 fyrir 15. október n.k.

MEINATÆKNIR óskast til starfa á rannsóknadeild. Nánari upplýsingar hjá yfirlæknum deildarinnar, sími 24160.

Reykjavík, 12. september 1975

SKRIFSTOFA RÍKISSPÍTALANNA EIRÍKSGÖTU 5. SÍMI 11765

Menntamálaráðuneytið
9. september 1975.

Laus staða

Staða bókavarðar við Landsbókasafn Íslands er laus til umsóknar.
Laun samkvæmt launaflokki A-14.
Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, fyrir 5. október 1975.



Gengið var um sýningarsali Kjarvalsstaða og allir virtust hafa óblandna ánægju af að skoða listaverkin.

Ljós 75 og

gébé Rvík Um sextíu vistmönnum frá elliheimilunum að Grund og Hrafnistu var nýlega boðið að skoða sýninguna Ljós '75 að Kjarvalsstöðum, og auk þess var yfirlitssýningin á verkum meistara Kjarvals opin fyrir gestina, sem höfðu augljóslega mjög gaman af heimsókninni og nutu hennar í fyllsta mæli.

Skiptar skoðanir voru hjá fólkinu um það, hvort það væri hrifnara af málverkum eða ljósmyndum, ein frúin sagði reyndar, að það væri miklu skemmtilegra að skoða ljósmyndir því eins og hún sagði: — þá sér maður hvað þetta er, en ekki eins og á málverkunum sem maður veit varla hvað snýr upp eða niður á.

— Það er eins og hún sé með vængi, sagði ein viskona á Hrafnistu, þegar hún rýndi á ljósmynd Pjeturs Maack af Helgu Eldon þar sem hún var að sveifla sér í ballettinum.

Það voru þeir félagar Pjetur Maack, Kjartan B. Kristjánsson og Gunnar S. Guðmundsson, sem standa að sýningunni Ljós 75, sem buðu gamla fólkinu að koma og líta á verk sín. Strætisvagnar Reykjavíkur lánuðu vagna til að flytja fólkið til og frá elliheimilunum. Nokkrar vistkonur á Hrafnistu sögðu, að þær hefðu mjög gaman af að sjá sýninguna og þætti vænt um boð sem þetta, og sögðust reyndar reyna að fara í hvert skipti, sem þeim stæði slíkt til boða. Ekki sögðust þær hafa séð ljósmyndasýningu áður, en nokkrar málverkasýningar. Dáðust þær mjög af verkum Kjarvals.

— Nei, þá er nú skemmtilegra að skoða málverkin hans Kjarvals en þessar ljósmyndir,



Maður verður líka að hvíla sig og líta í skrána af og til.



Áhuginn leynir sér ekki. Með sýningarskrá í hendi gekk hún á milli verka meistara Kjarvals og lét ekkert fram hjá sér fara.